


Hafnarfirði 16. febrúar 2016

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	17.2.2016
Málar:	151152
Bréf#: 512	

Byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar

Á aðalfundi húsfélagsins Skipalón 5 var samþykkt eftirfarandi ályktun.

Aðalfundur húsfélagsins Skipalón 5 mótmælir harðlega þeim áformum að byggja 12 íbúða fjölbýlishús á lóðinni Skipalón 3 eins og beiðni liggur fyrir frá lóðareigendum. Teljum við þetta í hóplegu ósamræmi við það sem okkur var kynnt þegar við keyptum íbúðir okkar auk þess sem að íbúum að Skipalóni 1 var heldur ekki kynntar þessar breytingar þegar þær íbúðir voru seldar og enn er verið að selja.

Miðað við framanlögð gögn sem lögð voru fram á fundi 2. desember 2015 hjá Hafnarfjarðarbæ hefur lóðareigandi lagt í töluverðan kostnað við að óska eftir breytingu á deiliskipulagi á sama tíma og sami aðili selur íbúðir í Skipalóni 1 og 5 og telur kaupendum sínum trú um að ekki verði byggt á lóðinni Skipalón 3 nema lítil bygging nyrst á lóðinni.

Ef af byggingu þessari verður mun verða akvegur langsum eftir lóðinni sem mun auka á umferð þeirra sem sjá sér hag í að stytta sér leið frá húsunum Skipalóni 5, 7, 23, 25 og 27 niður að Hvaleyrarbraut. Sú aukning mun hafa í för með sér mikið ónæði fyrir íbúa að Skipalóni 5.

Viljum við skora á bæjaryfirvöld að hafna alfarið þessum lóðarframkvæmdum enda er þarna verið að koma í bakið á þeim sem keyptu íbúðir í þessum tveimur húsum að Skipalóni 1 og 5.

Förum við fram á að niðurstaða Hafnarfjarðarbæjar varðandi þessa beiðni verði kynnt húsfélaginu að Skipalóni 5 um leið og þær liggja fyrir og hverjar sem þær koma til með að verða.

Virðingarfyllst.

fh.Húsfélagsins Skipalón 5

Móttakið.

fh. Hafnarfjarðarbæjar



